

Aðgerð skv. aðgerðaáætlun

Staðan haustið 2023

Sjálfstætt líf:

- ✓ **Innleiða hugmyndafræði um sjálfstætt líf í sértæka búsetu á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Skoðað verði einnig hvaða aðferðafræði skal beita í sértækri búsetu til að styðja við hugmyndafræði um sjálfstætt líf.**

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu um málefni fatlaðs fólks
Tímaáætlun: 2016–2023.

Hugmyndafræðin um sjálfstætt líf hefur verið í innleiðingu í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum frá árinu 2016 og sú hugmyndafræðilega nálgun sem velferðarsvið vinnur eftir í búsetuþjónustu. Aðferðir þjónandi leiðsagnar og batamiðaðrar nálgunar eru nýttar til að styðja við hugmyndafræðina um sjálfstætt líf. [Aðgerðinni telst lokið.](#)

- ✓ **Í kröfulýsingum búsetuúrræða sé gerð krafa um að unnið sé skv. leiðarljósum í hugmyndafræði um sjálfstætt líf.**

✓ **Árleg úttekt á þróun innleiðingar á hugmyndafræði um sjálfstætt líf.**
Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu stjórnáætlunar og skrifstofu um málefni fatlaðs fólks
Tímaáætlun: 2016–2023.

Í öllum kröfulýsingum sértækra húsnæðisúrræða er gerð krafa um að unnið sé samkvæmt hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf. [Aðgerð lokið.](#) Þær úttektir sem gerðar hafa verið á þjónustu við fatlað fólk frá því að ný gæðaviðmið í þjónustu við fatlað fólk voru sett árið 2020 (Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála) hafa verið unnar á grundvelli þessara fyrstu gæðaviðmiða sem eiga sér stoð í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, lögum nr. 38/2018 og lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011. [Aðgerðinni telst lokið en áfram verða gerðar úttektir á þróun á innleiðingu hugmyndafræðinnar um sjálfstætt líf.](#)

- ✓ **Reglulegir upplýsingafundir með starfsmönnum í þjónustu við fatlað fólk þar sem m.a. er farið yfir stöðu innleiðingar.**

- ✓ **Komið sé á markvissu, reglubundnu samráði við íbúa í sértækri búsetu á vegum velferðarsviðs með það að leiðarljósi að fólk fái sem mestu ráðið um eigið líf.**

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri ráðgjafarþjónustu og skrifstofustjóri skrifstofu um málefni fatlaðs fólks
Tímaáætlun: 2015–2023.

Reglulegir samráðsfundir eru haldnir með deildarstjórum á miðstöðvum. Aðgerð lokið.

Samráðið á sér stað í íbúðakjörnum og sambýlum. Aðgerð telst lokið en notendasamráð er þó í stöðugri þróun. Unnið er að gerð verkferils um notendasamráð í búsetuþjónustu til að tryggja samhæfingu milli íbúðakjarna/sambýla.

[Aðgerð í stöðugri þróun](#)

- ✓ **Reglubundin fræðsla um hugmyndafræði um sjálfstætt líf.**

Ábyrgðaraðili: Mannauðsstjóri velferðarsviðs
Tímaáætlun: 2016–2023.

Frá 2016 hafa verið haldin námskeið um hugmyndafræðina um sjálfstætt líf á hverri önn. Starfsfólk á skrifstofu um málefni fatlaðs fólks hefur einnig farið á starfsmannafundi í búsetu, dagþjónustu, skammtímadvöllum, miðstöðvum

borgarinnar og heimilum fyrir börn þar sem hugmyndafræðin hefur verið kynnt. Velferðarsvið gaf út bækling fyrir starfsfólk árið 2018 „Sjálfstætt líf, valdeflandi stuðningur og aðstoð“ með það að markmiði að auka þekkingu á hugmyndafræðinni og þeim vinnuaðferðum sem starfsfólk og stjórnendur þurfa að tileinka sér til að ná sem bestum árangri við innleiðingu nýrrar hugsunar. Þá gaf velferðarsvið árið 2023 út handbók um sjálfstætt líf á auðlesnu máli fyrir fatlað fólk í búsetuþjónustu Reykjavíkurborgar.

[Aðgerð er í stöðugri þróun.](#)

Aðgerð skv. aðgerðaáætlun

Staðan haustið 2023

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA):

- ✓ **Endurskoða reglur um notendastýrða persónulega aðstoð til samræmis við þau lög sem sett verða.**
- ✓ **Undirbúa framkvæmd á notendastýrðri persónulegri aðstoð til framtíðar.**

Nýjar reglur um notendastýrða persónulega aðstoð voru samþykktar í velferðarráði 13. mars 2019 og í borgarstjórn 19. mars 2019. Þá var samþykkt breyting á gildistíma reglnanna í velferðarráði 7. júní 2023.

[Aðgerð lokið](#)

*Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu um málefni fatlaðs fólks
Tímaáætlun: 2016 - 2017.*

Þjónustuíbúðir fyrir fatlað fólk

- ✓ **Stofnaður verði vinnuhópur sem fái það hlutverk að skoða þörf og þær breytingar sem ráðast þarf í til að aldrei fatlað fólk eigi val um að fá þjónustuíbúð til jafns við aðra aldraða borgarbúa.**

Horfið var frá þessari aðgerð vegna andstöðu Landssamtakanna Proskahjálpar. Sérstaða hópsins hefur verið rýnd í tengslum við niðurlagningu herbergjasambýla.

[Aðgerð lokið](#)

*Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu öldrunarmála
Tímaáætlun: Ágúst 2017*

Tímabundin búseta til kennslu, þjálfunar og stuðnings:

- ✓ **Stofnaður verði vinnuhópur sem skoði þörf, kostnaðarmeti og kortleggi kosti og galla þess að opna heimili fyrir ungt fólk með þroskahömlun þar sem veittur er tímabundinn stuðningur, þjálfun og kennsla.**

Horfið var frá þessari aðgerð þar sem hún þótti ekki í anda hugmyndafræðinnar um sjálfstætt líf. Hugmyndin var sett inn í uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk 2018 – 2030 en var breytt í íbúðakjarna fyrir fólk með þroskahömlun.

[Aðgerð lokið](#)

*Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu öldrunarmála
Tímaáætlun: 2017–2018.*

Aðgerð skv. aðgerðaáætlun

Staðan haustið 2023

Sveigjanleiki:

- ✓ **Skóðaðir verði möguleikar á auknum sveigjanleika í þjónustutilboðum við upphaf fullorðinsára fatlaðra barna sem hafa þörf fyrir þjónustu allan sólarhringinn.**

*Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu um málefni fatlaðs fólks
Tímaáætlun: 2017–2020.*

Sett var á laggirnar tilraunaverkefnið frá barni til fullorðins árið 2017 þar sem fjögur ungmenni sóttu um þátttöku. Tilraunaverkefnið gekk vel og nú eru þrír af þessum fjórum einstaklingum með notendastýrða persónulega aðstoð og einn er enn með einstaklingssamning.

[Aðgerð lokið](#)

Endurskoðun mælitækja í stuðningsþjónustu:

- ✓ **Mælitæki í stuðningsþjónustu endurskoðað m.t.t. skýrslu starfshóps um mælitæki frá ágúst 2015.**

*Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu stjórnsýslu
Tímaáætlun: 2016–2017.*

Matstæki stuðnings- og stoðþjónustu hefur verið þróað áfram og er notað með góðum árangri. Um er að ræða grunnþjónustumat sem er notað við mat á stuðningsþörfum. Mikill samhljómur er milli grunnþjónustumats velferðarsviðs og SIS mats sem er samræmt mat á landsvísu.

[Aðgerð lokið](#)

Endurskoðun reglna um stuðningsþjónustu:

- ✓ **Vinna við undirbúning nýrra reglna um stuðningsþjónustu í Reykjavík er hafin og verða þær unnar í samráði við notendur.**
- ✓ **Gera heildarverklag og verkferla fyrir hvernig mat á þjónustu við fatlað fólk er framkvæmt hjá Reykjavíkurborg.**

*Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu málefna fatlaðs fólks
Tímaáætlun: 2016–2017.*

Nýjar reglur um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 6. október 2021 og á fundi borgarráðs þann 14. október 2021. [Aðgerð lokið.](#)

[Aðgerð er lokið](#) en verklag og verkferlar eru í stöðugu umbótaferli. Stuðningsþörf er metin þannig að þegar umsækjandi hefur undirritað umsókn um stuðningsþjónustu í samráði við ráðgjafa er næsta skref formlegt mat á stuðningsþörf. Þar er litið til heildaraðstæðna fólks og sjálfsmats umsækjanda. Ef matið leiðir í ljós að ekki sé þörf á stuðningi eða að skilyrði eru ekki uppfyllt er umsókn synjað.

Ef umsókn er samþykkt er gerður stuðningsáætlun í samráði við notanda. Í stuðningsþjón er tekið fram hvaða stuðningur er veittur, hver markmið þjónustunnar eru og hvernig árangur stuðnings er metinn

Aðgerð skv. aðgerðaáætlun

Staðan haustið 2023

Breyttar þjónustubarfir:

- ✓ **Stofnaður verði starfshópur sem hafi það hlutverk að skoða þær breytingar sem ráðast þarf í á næstu árum til að mæta sérstaklega þörfum aldraðs fatlaðs fólks m.t.t. þjónustu í búsetuúrræðum velferðarsviðs.**

*Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu um málefni fatlaðs fólks
Tímaáætlun: 2018.*

Starfshópur um niðurlagningu herbergjasambýla tók við þessu verkefni og það hefur verið unnið samhliða að niðurlagningu herbergjasambýla. Með tilkomu velferðartæknismiðju og aukinnar áherslu á að nýta velferðartækni í þágu fatlaðs fólks er horft til þess að tæknin geti nýst við að styðja aldrað fatlað fólk.

Aðgerð lokið

Þjónusta út frá búsetukjörnum:

- ✓ **Skípaður verði starfshópur sem vinni að útfærslu þjónustunnar á grundvelli skýrslunnar, starfshópnum verði m.a. falið að gera kostnaðarmat.**
- ✓ **Skoða leiðir til að samhæfa þjónustumat þannig að það nái að lýsa þörf einstaklinga fyrir stuðnings- og heimaþjónustu og hvernig hægt sé að mæta þörfum þeirra.**

*Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu um málefni fatlaðs fólks
Tímaáætlun: 2016–2017.*

Vegna breytinga í tengslum við uppbyggingaráætlun húsnæðis og tilkomu húsnæðis með stuðningi hefur þjónustan mest megnis verið á höndum íbúðakjarna. Einnig hefur starfsfólk stoð- og stuðningsþjónustu sinnt þjónustu við fatlaða einstaklinga í húsnæði með stuðningi. Fyrir liggur að mikil aukning hefur orðið í þessu þjónustuformi og nauðsynlegt er að tengja útfærslu þjónustunnar uppbyggingu í stoð- og stuðningsþjónustu. Leiðir til að samhæfa þjónustumat hafa verið rýndar og nýjar reglur um stoð- og stuðningsþjónustu taka á samhæfðu þjónustumati.

Aðgerð lokið

Upplýsingamiðlun:

- ✓ **Unnið verði verklag um miðlun upplýsinga til notenda meðan á málsmeðferð stendur í samræmi við stjórnarsýslulög/reglur. Í verklagi skal m.a. skilgreina leiðbeiningar- og frumkvæðisskyldu starfsmanna gagnvart upplýsingagjöf um hvenær svara við erindi / umsókn er að vænta, hvernig málsmeðferð er háttað og hvert hægt sé að beina fyrirspurn um gang mála.**

*Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu ráðgjafabjónustu
Tímaáætlun: 2017.*

Vegna ófyrirsjáanleika í tengslum við fjármögnun uppbyggingaráætlunar húsnæðis fyrir fatlað fólk hefur reynst flókið að vinna persónubundnar áætlanir með umsækjendum. Verklag þar að lútandi liggur fyrir og í ágúst 2023 verða send fyrstu bréfin til einstaklinga á bið eftir húsnæði fyrir fatlað fólk þar sem viðkomandi verða upplýst um stöðu á biðlista og hvenær vænta megi úrlausnar.

Aðgerð er í stöðugri þróun

Aðgerð skv. aðgerðaáætlun

Staðan haustið 2023

Árlegt mat á gæðum þjónustunnar:

- ✓ **Notendakannanir, úttektir og/eða rannsóknir meðal íbúa og/eða starfsmanna á heimilum fatlaðs fólks sem rekin eru af velferðarsviði.**

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjórar á skrifstofu stjórnýslu og skrifstofu um málefni fatlaðs fólks

Tímaáætlun: Árlega til loka árs 2023.

Eftirfarandi úttektir og kannanir hafa verið framkvæmdar meðal íbúa/notenda og starfsfólks:

2011 Aðstoð við viðhorfskönnun meðal starfsfólks Vettvangsgeðteymis.

2015 Úttekt á því hvort búseta hafi dregið fram breytingar á lífi íbúa á Njálsgötu 65

2015 Er framkvæmd þjónustu í samræmi við verklag í búsetuúrræðinu að Hólmasundi

2016 Úttekt á málaumhverfi íbúa í Hlaðbæ 2

2016/17 Viðhorfskönnun meðal íbúa, aðstandenda og starfsfólks í þremur íbúðakjörnum fyrir fatlað fólk (K3)

2017 Er margbreytileiki til staðar í starfsmannahópi á sambýlum og íbúðakjörnum fyrir fatlað fólks

2018 Þjónusta við fatlaða út frá kjarna (Artemis)

2018/19 Úttekt til að kanna hvort allir íbúar í sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk hefðu virka einstaklingsáætlun

2019 Einstaklingsáætlanir í sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk

2019 Er starfsemi samkvæmt kröfulýsingu í búsetuendurhæfingu að Gunnarsbraut og Sóleyjargötu.

2021 Hlutverk tengiliða- úttekt á kröfulýsingu

2021 Úttekt á þjónustu í íbúðakjarnanum að Austurbrún 2

2021 Könnun á sjálfstæðu lífi íbúa á sambýlum og íbúðakjörnum fyrir fatlað fólk

2022 Virkniþjónusta fyrir fatlað fólk: könnun meðal notenda

2022/23 Úttekt á þjónustu í íbúðakjarnanum að Þorlaksgeisla 2

2023 Úttekt á viðhorfum NPA notenda til þjónustunnar - ólokið

Aðgerð í stöðugri þróun

Þróun námskeiða:

Aðgerðir:

Leggja áherslu á að í fræðsluáætlun velferðarsviðs séu reglulega námskeið um eftirfarandi:

- Nýliðanámskeið fyrir starfsmenn sem eru að hefja störf,
- góða stjórnsýsluhætti,
- samskipti, viðmót, viðhorf og framkomu,
- valdeflingu,
- notendasamráð,
- hugmyndafræði um sjálfstætt líf,
- sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og hugmyndafræði hans,
- heildarsýn, samráð og samvinnu,
- helstu lög og reglugerðir í málefnum fatlaðs fólks og yfirfærslu þeirra í framkvæmd þjónustu,
- umönnun mikið fatlaðra einstaklinga,
- nauðung skv. lögum nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

*Ábyrgðaraðili: Mannauðsstjóri velferðarsviðs
Tímaáætlun: 2016–2023.*

Metnaðarfull fræðsluáætlun sem tekur á áhersluþáttum hefur verið unnin árlega frá 2016

Aðgerð er í stöðugri þróun

Aðgerðir:

- ✓ Þegar efnt er til formlegs notendasamráðs skal ávallt liggja fyrir skilgreining á markmiðum og tilgangi samráðs til að tryggja sameiginlega sýn aðila á verkefnið. Markmið og tilgangur skulu skilgreint á sérstöku samkomulagsblaði í upphafi samráðs.
- ✓ Við alla stefnumótun og þróun í tengslum við málefni fatlaðs fólks skal haft samráð við notendaráð sem Mannréttindaskrifstofa leiðir.

*Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu velferðarsviðs
Tímaáætlun: 2016–2023.*

Þegar við á er skilgreining á markmiðum og tilgangi samráðs notuð.

Fulltrúi skrifstofu málefna fatlaðs fólks á sæti í aðgengis- og samráðsnefnd borgarinnar í málefnum fatlaðs fólks.

Aðgerð er í stöðugri þróun

- ✓ Í allri þjónustu við fatlað fólk skal viðhafa notendasamráð og það skráð í málsskjöl viðkomandi, með skýrum hætti, með hvaða hætti notendasamráðið fór fram.
- ✓ Við gerð einstaklingsáætlana skal tryggt með formlegum hætti að notendasamráð sé viðhaft og að sjónarmið notenda komi skýrt fram.

*Ábyrgðaraðili: Framkvæmdastjórnar þjónustumiðstöðva
Tímaáætlun: 2016–2023.*

Notendasamráð á sér stað þegar ráðgjöf og/eða þjónusta er veitt fötluðu fólki.

Notendur og/eða persónulegir talsmenn og lögráðamenn, ef við á koma ávallt að gerð einstaklingsáætlana.

Að auki á skrifstofa málefna fatlaðs fólks reglulega samráðsfundi með ÖBÍ, Proskahjálpi, Geðhjálp og Réttindagæslu fatlaðs fólks. Þessir fundir eru haldnir á 6 vikna fresti með hverjum samtökum fyrir sig.

[Aðgerð er í stöðugri þróun](#)

Aðgerðir:

- ✓ Starfandi er teymi fagfólks þvert á hverfi úr öllum þjónustumatsteymum velferðarsviðs sem er vettvangur fyrir upplýsingagjöf, samhæfingu og viðbrögð við álitamálum. Deildarstjóri á skrifstofu ráðgjafarþjónustu leiðir teymið en í því sitja lykilstarfsmenn í þjónustu við fatlað fólk á velferðarsviði.

*Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu ráðgjafarþjónustu
Tímaáætlun: 2015–2023.*

Vegna breytts skipulags á velferðarsviði ber skrifstofa málefna fatlaðs fólks nú ábyrgð á samhæfingu, gæðaviðmiðum og eftirliti í þjónustu sviðsins við fatlað fólk. Vettvangur fyrir samráðsteymi hefur verið skilgreindur þvert á miðstöðvar til að tryggja samhæfða upplýsingagjöf og viðbrögð við álitamálum.

[Aðgerð lokið](#)